

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2016 - 2019

ásamt greinagerðum



Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar
2. desember 2015



MOSFELLSBÆR



EFNISYFIRLIT

GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA	3
EIGNFÆRÐAR FJÁRFESTINGAR	8
GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA.....	9
FJÖLSKYLDUSVIÐ	9
FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ.....	10
UMHVERFISSVIÐ.....	13
ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, MANNAUÐSDEILD OG FJÁRMÁLADEILD.....	14
NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR	16
02 FJÖLSKYLDUSVIÐ	16
04 – FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ	21
06 – ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDAMÁL.....	23
08/09/10/11/31/33/43/47/63 UMHVERFISSVIÐ	26
05/07/08/13/21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR, ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, FJÁRMÁLADEILD OG MANNAUÐSDEILD	29
FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016 - 2019.....	33



GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2016 samanstendur annars vegar af greinargerðum bæjarstjóra og framkvæmdastjóra sviða og hins vegar af tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekins A- og B- hluta og A- hluta bæjarsjóðs. Greinargerðinni er ætlað að veita upplýsingar um helstu forsendur í áætluninni. A- hluti samanstendur af aðalsjóði, Eignasjóði, hjúkrunarheimili og þjónustustöð. Í B- hluta eru fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar í eigu sveitarfélagsins sem eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 verður rúmlega 192 mkr. afgangur af rekstri Mosfellsbæjar eftir fjármagnsliði. Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 877 mkr. eða um 10% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir að skuldir sem hlutfall af tekjum muni lækka.

Rekstrarumhverfi sveitarfélaga er erfitt um þessar mundir. Launakostnaður eykst mjög mikið milli ára í kjölfar nýrra kjarasamninga við starfsmenn sveitarfélaganna. Það er vel og starfsmenn sveitarfélaga eiga svo sannarlega skilið góð laun fyrir sitt vinnuframlag.

Útsvarstekjur, sem eru aðal tekjustofn sveitarfélaga, hafa hinsvegar ekki aukist í sama mæli og launagjöld. Þar af leiðandi er nauðsynlegt gera ráðstafanir í rekstrinum ef ekki á illa að fara. Auk þessa hefur verið fjárhagslegur halli á mörgum verkefnum sem sveitarfélög sinna samkvæmt samingum við ríkisvaldið s.s. málaflökkur fatlaðs fólks.

Þess vegna hafa sveitarfélög kallað ákaft eftir viðræðum við ríkið um endurskoðun tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga sem ekki hefur enn skilað niðurstöðu. Ég held þó enn í þá von að til tíðinda dragi í þeim efnum áður en langt um líður þar sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undir merkjum SSH hafa nýlega sameinast um áskorun á ríkistjórn Íslands um að beita sér sér fyrir nauðsynlegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga.

Megináherslur í fjárhagsáætlun 2016 eru því hér eftir sem hingað til að standa vörð um grunn- og velferðarþjónustu bæjarins. Sveitarfélagið veitir afar mikilvæga nærþjónustu til íbúa sinna. Um helmingur gjaldanna stendur undir rekstri skóla og leikskóla og tengdum rekstri, um 20% fer í að reka fjölskyldusvið sem sér meðal annars um félagsþjónustu, barnavernd og málefni fatlaðs fólks, um 16% fer í umhverfis- og skipulagsmál.

Helstu áherslur í fjárhagsáætlun 2016 eru eftirfarandi:

- Að afgangur sé af rekstri bæjarins og veltufé frá rekstri verði jákvætt um 10% af tekjum.
- Að útsvarprósenta og álagningahlutföll fasteignagjalda verði óbreytt.
- Að skuldir sem hlutfall af tekjum lækki.
- Að laun starfsmanna bæjarins hækki verulega
- Að leikskólagjöld haldist óbreytt.
- Að gjaldskrár grunnskóla lækki að raungildi.
- Að frístundaávisun hækki sérstaklega fyrir barnmargar fjölskyldur.
- Að gert sé áfram ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.
- Að hafist verði handa við byggingu skóla í Helgafellshverfi og lokið við skólasetur við Höfðaberg.

- Að standa vörð um skóla- og æskulýðsstarf og að forgangsraðað verði í þágu barna og velferðar.
- Að afsláttur af fasteignagjöldum til tekjulágra eldri borgara verði aukinn .
- Að haldið verði áfram þróun á rafrænni þjónustu sveitarfélagsins.
- Að valfrelsi verði aukið með hækkuðum niðurgreiðslum til einkarekinna leikskóla.
- Að áfram verði haldið með ráðdeild og hagræðingu að leiðarljósi í rekstri bæjarins.

Íbúar Mosfellsbæjar eru nú um það bil 9500 talsins og gera má ráð fyrir að talan fari yfir 10 þúsund á allra næstu misserum. Það sem hefur aðgreint íbúasamsetningu í Mosfellsbæ frá öðrum sveitarfélögum er lægri meðalaldur en gengur og gerist og skýrist það með miklum barnafjölda. Gera má þó ráð fyrir því að meðalaldurinn hækki skart þar sem fæddum börnum er að fækka. Það má sjá skýrt með færri börnum sem koma í leikskóla bæjarins strax á næsta ári.

Fjárhagsstaða Mosfellsbæjar er traust og reksturinn ábyrgur. Skuldastaða sveitarfélagsins er vel viðunandi miðað við þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á undanförunum árum samfara miklum vexti og fjölgun íbúa. Uppbygging innviða heldur þó áfram og stærsta verkefnið framundan er skólabygging í Helgafellslandi. Auk þess verður lokið við byggingu skólaþessins við Höfðaberg þar sem fimm, sex og sjö ára börn stunda nám og frístundastarf. Starfsemin hefur farið vel af stað og mikil ánægja er með fyrirkomulagið og aðstöðuna bæði hjá börnum og foreldrum. Enn og aftur er Mosfellsbær í forystu í þróun nýjunga í skóla- og frístundastarfi.

Við höfum skýra framtíðarsýn um að vera eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi. Mosfellsbær hefur tekið forystuna í verkefninu Heilsuefandi samfélag og hafa mörg sveitarfélög fylgt okkur eftir í þeim efnum. Verkefnið er okkar allra og hreyfing og útivist hefur verið áhersluþáttur líðandi árs. Eitt af stóru verkefnum sem varðar sýnileika og tengingu við umhverfismál var dreifing fjölnota innkaupapoka á öll heimili í Mosfellsbæ. Þokunum hefur verið vel tekið og er gaman að sjá hvað bæjarbúar hafa tekið því opnum örmum að sameina áherslu heilsu og umhverfis. Áhersla næsta árs verður líðan og geðrækt og er ég sannfærður um að þar getum við flest nýtt okkar eigin reynslu og þekkingu til að hjálpa öðrum.

Mikil og ötul vinna fer í fjárhagsáætlunargerð ár hvert. Sú vinna er leidd áfram af fjármálastjóra bæjarins, framkvæmdarstjórum og forstöðumönnum. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu því góða starfsfólki sem og fulltrúum í nefndum og ráðum fyrir afar óeigingjarnt starf við að koma þessari áætlun saman.


Nú, sem fyrr, er mikilvægt að halda á lofti gildum Mosfellsbæjar, *virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju*. Með því að tileinka okkur gildin í þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur hverju sinni leiðum við Mosfellsbæ í átt að bjartri framtíð.

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri

Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs


Aðalsjóður (í mkr.)	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Breyting milli ára	
Útsvar	4.815	4.295	520	12%
Fasteignaskattur og lóðarleiga	833	777	56	7%
Framlög Jöfnunarsjóðs önnur	580	515	65	13%
Framlög Jöfnunarsjóðs v/málefna fatlaðra	788	733	55	8%
Skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs	7.016	6.320	696	11%

SKIPTING SKATTTEKNA



Aðalsjóður (í mkr.)	Tekjur 2016	Laun 2016	Annar kostnaður 2016	Samtals áætlun 2016	Samtals áætlun 2015	Breyting milli ára	
00 - Skatttekjur	7.016	0	0	7.016	6.320	696	11%
02 - Félagsþjónusta	431	(285)	(1.464)	(1.318)	(1.235)	(83)	7%
04 - Fræðslu- og uppeldismál	505	(2.869)	(1.440)	(3.804)	(3.295)	(509)	15%
05 - Menningarmál	14	(60)	(98)	(145)	(142)	(3)	2%
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	427	(343)	(878)	(794)	(701)	(94)	13%
07 - Brunamál og almannavarnir	0	(3)	(63)	(66)	(65)	(1)	2%
08 - Hreinlætismál	95	(5)	(120)	(31)	(28)	(3)	10%
09 - Skipulags- og byggingamál	79	(66)	(47)	(33)	(26)	(7)	26%
10 - Umferðar- og samgöngumál	0	0	(290)	(290)	(226)	(64)	28%
11- Umhverfismál	9	(46)	(75)	(112)	(91)	(21)	23%
13 - Atvinnumál	0	(2)	(5)	(8)	(8)	(0)	4%
21 - Sameiginlegur kostnaður	79	(260)	(175)	(357)	(376)	20	(5%)
22 - Lífeyrisskuldb. og ófyrirséð	0	(95)	0	(95)	(155)	60	(39%)
28 - Fjármagnsliðir	0	0	424	424	427	(4)	(1%)
Aðalsjóður	8.654	(4.036)	(4.233)	386	400	(14)	(3%)
Eignasjóður	1.268	(23)	(1.505)	(260)	(495)	235	(47%)
Þjónustustöð	78	(78)	(32)	(33)	(28)	(5)	17%
Fasteignafélagið Lækjarhlíð	0	0	(116)	(116)	66	(182)	(276%)
Millifærslur A-hluta	(1.855)	0	1.962	107	0	107	
A - hluti samtals	8.145	(4.137)	(3.923)	84	(57)	141	(247%)
Aðalsjóður (í mkr.)	Tekjur 2015	Laun 2015	Annar kostnaður 2015	Samtals áætlun 2015	Samtals áætlun 2014	Breyting milli ára	
Félagslegar íbúðir	41	0	(47)	(5)	(6)	0	(7%)
Fráveita	198	0	(152)	45	41	4	11%
Hitaveita	364	0	(317)	48	43	4	10%
Vatnsveita	174	(29)	(110)	36	32	3	10%
Hjúkrunarheimili	23	0	(21)	1	(2)	4	(162%)
Millifærslur B-hluta	(154)	0	138	(16)	(16)	(0)	%
B - hluti samtals	646	(29)	(508)	108	92	16	17%
A og B hluti samtals	8.790	(4.166)	(4.432)	193	35	158	449%

HLUTFALLSLEGUR KOSTNAÐUR EFTIR MÁLAFLOKKUM



EIGNFÆRÐAR FJÁRFESTINGAR

Fyrirhugaðar fjárfestingar í A hluta	2016
Varmárskóli - endurbætur (eldri og yngri deild)	20 mkr
Varmárskóli - sprinklerkerfi áframhald	5 mkr
Varmárskóli - hreystivöllur	5 mkr
Lágafellsskóli - hreystivöllur	5 mkr
Skólaútibúið Höfðaberg - 5. áfangi og frágangur lóðar	65 mkr
Nýr skóli á austursvæði, Helgafell	140 mkr
Færanlegar kennslustofur	15 mkr
Brúarland endurbætur	30 mkr
Samtals fjárfest í skólum	285 mkr
Íþróttahúsið að Varmá - ný aðstaða og þak	60 mkr
Íþróttahúsið að Varmá - nýtt sundlaugarkerfi	29 mkr
Íþróttahúsið að Lágafelli - sundlaugarkerfi	49 mkr
Ævintýragarður	7 mkr
Motomos	2 mkr
Stikaðar gönguleiðir	3 mkr
Golfvellir	21 mkr
Skíðasvæði	4 mkr
Samtals fjárfest í íþr. og tómst. mannvirkjum	175 mkr
Menningarhús / Hlégarður	10 mkr
Samtals fjárfest í öðrum mannvirkjum	10 mkr
Fjárfest í gatnagerð	354 mkr
Tekjur af gatnagerðargjöldum	-350 mkr
Samtals fjárfest í gatnagerð (nettó)	4 mkr
Bifreiðar og tæki	7 mkr
Samtals fjárfestingar A-hluta	481 mkr
Fjárfest í fráveitu (nettó)	33 mkr
Fjárfest í hitaveitu (nettó)	31 mkr
Fjárfest í vatnsveitu (nettó)	68 mkr
Samtals fjárfestingar í B hluta	132 mkr
Samtals fjárfestingar í A og B hluta	613 mkr



GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA

FJÖLSKYLDUSVIÐ

Um helstu verkefni fjölskyldusviðs fer samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Mannauðsstjóri fer með framkvæmd jafnréttismála í samræmi við samþykkt 902. fundar bæjarráðs 16. október 2008.

Markmiðin með þjónustu fjölskyldusviðs eru lögum samkvæmt:

- Að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa með því að bæta lífsskjör þeirra sem standa höllum fæti.
- Að tryggja börnum þroskavænleg uppeldisskilyrði og veita þeim börnum nauðsynlega aðstoð sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu.
- Að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lífað sem eðlilegustu lífi, og grípa til aðgerða ef vandi steðjar að.
- Að koma almennt í veg fyrir félagsleg vandamál og veita hjálp til sjálfshjálpar.
- Að stuðla að og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla

Í störfum sínum leitast starfsmenn fjölskyldusviðs við að framfylgja gildum Mosfellsbæjar með því að þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur einkennist af virðingu og umhyggju. Það gildir meðal annars um virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og áherslu á samvinnu við aðila máls og samstarfsaðila. Jákvæð viðhorf í garð þessara aðila, ásamt framsæknum vinnubrögðum, eru jafnframt höfð að leiðarljósi.

Með tilfærslu á félagslegri þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaganna 1. janúar 2011 varð breyting á eðli og umfangi þjónustu fjölskyldusviðs og samfara því aukning útgjalda sem nema í áætlun 2016 samtals 881 m.kr. Framlag til Skálatúns vegur þar þyngst og er áætlað liðlega 452 m.kr.

Í upphafi árs 2015 hófst sameiginleg ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur ekki gengið sem skyldi hvað kostnað varðar, hann hefur reynst umtalsvert hærri en vænst var. Unnið er að hagræðingu og breytingum á þjónustunni.

Stöðugleiki er í þjónustu við fatlað fólk og óverulegir biðlistar eftir þjónustu.

Einstaklingum sem njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins hefur farið fækkandi, enda hefur atvinnuleysi minnkað og aukin áhersla hefur verið lögð á að liðsinna fólki í atvinnuleit.

Mosfellsbær rifti samkomulagi við Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes um bakvaktir í byrjun ársins 2015. Samhliða því var gerður samningur um samstarf við Lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu um bakvaktir tengdum heimilisofbeldi.

Þjónusta við eldra fólk hefur tekið miklum framförum frá árinu 2013. Má þar nefna rekstur hjúkrunarheimilis (frá október 2013) og innréttingu nýs húsnæðis þjónustumiðstöðvar í Eirhömrum sem var tekin í notkun á árinu 2013. Með samstarfi félagsstarfsins, sem rekið er á vegum bæjarfélagsins, og Félags aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos) undir sama þaki hefur orðið umtalsverð breyting. Sameiginleg dagskrá er fjölbreytt og fjölgað hefur til muna í þátttakendahópnum milli ára. Þá var gerður samningur á árinu við Eir, hjúkrunarheimili um rekstur dagdvalar í húsinu.

Áætlun vegna félagslegra leiguíbúða tekur mið af rekstri íbúðanna árið 2015. Unnið hefur verið á árinu að viðhaldi eigna í samræmi við úttekt þar að lútandi. Því verður haldið áfram á árinu 2016.

Tekjur á árinu 2016 eru áætlaðar í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar.

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Undanfarin ár hefur vöxtur bæjarfélagsins haft mikil áhrif á fjárhagsáætlun fræðslusviðs. Aukin útgjöld vegna vaxtar hefur verið árlegt viðfangsefni. Að þessu sinni setur mark sitt á fjárhagsáætlun ársins 2016, að í fyrsta skipti í langan tíma verður vart við að börnum fækki í heild sinni og þar að auki er fjölgun mismikil eftir hverfum. Yngstu árgangar eru að minnka vegna fækkunar fæðandi kvenna og ekki virðist vera að vega upp á móti fjölgun íbúa í nýjum hverfum vegna nýbygginga.

Á eftirfarandi töflu sést yfirlit yfir fjölda leikskólabarna í Mosfellsbæ samkvæmt þjóðskrá og íbúaspá Mosfellsbæjar, dags. 15. september 2015. Hér er um að ræða rauntölur:

2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
508	548	574	560	600	619	615	601	556


Hér kemur fram fækkun frá árinu 2012 til ársins 2015. Þetta stafar að tvennu. Annars vegar hefur dregið úr nýbyggingum og fjölda nýrra íbúa, þrátt fyrir fjölgun íbúa. Á þessu tímabili er fólksfjöldun u.þ.b. 2%, en næstu 5 ár þar á undan var fjölgun að meðaltali upb. 5% að meðaltali á ári. Hins vegar hefur íbúasamsetning breyst. Fjölgun eldri íbúa og raunveruleg fækkun fæðandi kvenna, leiðir af sér fækkun nýbura, fækkun í nýjum árgöngum.

Breyting verður á fjölda nýbura árið 2014. Á árunum 2007 til ársins 2011 eru fjöldi barna fædd hverju ári að meðaltali 165, en frá árinu 2012 til ársins 2015 stefnir í að meðaltalið verði 117.

Áætlun og spá um fjölda leikskólabarna hefur verið endurunnin á grundvelli rauntalna, áætlunar um fjölda nýbura fæddra á árinu 2015, auk spár um fæðingar byggð á fjölda kvenna á fæðingaraldrinum 28-36 ára. Þá er hér einnig tekið með í reikninginn áætlun um uppbyggingu í nýjum hverfum, eins og hún er sett fram í íbúaspá sem fylgir fjárhagsáætluninni. Þessa áætlun og spá má sjá í næstu töflu:

2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
550	499	498	494	479	476	467

Hér fylgir línurit yfir rauntölur frá 2007 og spá til ársins 2022.



Grunnskólinn mun síðar verða fyrir áhrifum af þessari fækkun leikskólabarna, sérstaklega ef spáin reynist rétt til lengri tíma. Spá eins og þessa þarf að endurskoða reglulega og taka mið af breytingum á grundvelli nýbyggingarframkvæmda á ári hverju í næstu framtíð. Þá mun fjölgun í grunnskóla einkum verða á austursvæði, skólasvæði Varmárskóla- og Helgafellsskólasvæðis, og því má gera ráð fyrir að fækkunar verði fyrr vart á vestursvæði, á Höfðabergi, Huldubergi og í Lágafellsskóla.

Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda í Varmárskóla milli skólaára. Þar vegur enn þýngst fjölgun vegna nemenda úr Krikaskóla. Breyting mun ekki verða á þessari árlegu aukningu fyrr en eftir árið 2017, en þá um vorið útskrifast úr Varmárskóla fyrstu nemendur sem fluttust frá Krikaskóla í Varmárskóla og nemendafjöldi í Varmárskóla kemst í jafnvægi. Nemendafjöldi Varmárskóla og væntanlegs Helgafellsskóla verða samanlagt um 750 og nemendur Lágafellsskóla og Höfðabergs verða um 740 á fjárhagsárinu 2016.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir auknum fjármunum í frístundasel, þar sem eftirspurn nemenda í 3. og 4. bekk eykst með hverju ári.

Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar á grundvelli skýrslu um sérkennslu og sérfræðipjónustu hefur verið unnið að eflingu sérdeilda og annarra sérúrræða í leik- og grunnskólum. Aukinn þungi í málefnum barna sem þurfa á sérkennslu að halda og fjölgun mikið fatlaðra barna gerir auknar kröfur á leik- og grunnskóla. Þá má gera ráð fyrir breyttum áherslum í að efla kennslu fyrir bráðger börn.

Við gerð fjárhagsáætlunar í fræðslumálum bæjarins fyrir árið 2016 hefur verið leitast við að halda uppi sambærilegu þjónustustigi leik- og grunnskóla og árið 2015. Enn eru miklar kröfur um aðhald í rekstri og allir sem að áætluninni koma hafa lagst á eitt við að hafa hagkvæmni að leiðarljósi við gerð hennar. Það er hins vegar ljóst að ekki má mikið út af bregða í auknum fjölda nemenda og að ekki er mikið svigrúm í áætlunum leik- og grunnskóla. Sömu sögu er að segja í deildum sem halda utan um miðlægan kostnað eins og nemendur í öðrum skólum (04-27).



Nú sem fyrr er gert ráð fyrir að settir verði sérstakir fjármunir til hliðar til að niðurgreiða gjöld vegna barna hjá dagforeldrum. Sem frá tveggja ára aldri fá aukna niðurgreiðslu svo gjöld til dagforeldra verði jafnhá leikskólagjöldum. Eykur það valfrelsi foreldra hvað varðar dagvistun barna á þessum aldri. Fjárhagsáætlun gerir einnig ráð fyrir frelsi foreldra til að sækja sérskóla í öðrum sveitarfélögum, sem og einkarekna leikskóla á grundvelli nýrrar gjaldskrár. Áætlun um greiðslur til einkarekinna leikskóla hækka um 7,5 milljónir vegna þessara breytinga.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrár á fræðsluviði muni hækka um 4,5% að undanskyldum gjaldskrár leikskóla. Skólahljómssveit og Listaskóli hækka gjaldskrár milli skólaára.

Mosfellsbær hefur á undanförunum árum státað af því að vera skóla- og íþróttabær og eftirsóttur af barnafjölskyldum. Stefnt er að því að standa vörð um þá ímynd bæjarins á næsta fjárhagsári. Nú sem fyrr hvíla verkefnin framundan á mjög öflugum starfsmannahópi í stofnunum og stoðþjónustu fræðsluviðs. Þá má ekki gleyma að gildi bæjarins: virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja, hafa ræktað vilja meðal starfsmanna til góðra verka og munu án efa gera það áfram á næsta fjárhagsári. Fræðsluvið Mosfellsbæjar getur nú sem fyrr státað af öflugum og hagkvæmum rekstri samhliða háu þjónustustigi.

Mosfellsbær státar af því að vera mikill menningar- og íþróttabær og eftirsóttur af barnafjölskyldum. Sundlaug Íþróttamiðstöðvarinnar Lágafells er í dag ein eftirsóttasta sundlaug á höfuðborgarsvæðinu og rekstrarforsendur hennar batna ár frá ári. Aðsóknartölur undanfarinna ára staðfesta þetta.

Á árinu 2013 voru gerðir tímamótasamningar við íþrótt- og tómstundafélög Mosfellsbæjar og gilda þeir til 2017. Verulega er aukið í stuðning við félög í bænum og sér þess merki í fjárhagsáætlun 2016.

Stefnt er að áframhaldandi samstarfi skóla og frístundaselja við íþróttafélög um frístundafjórið sem nú hefur fest sig í sessi og með því styrkt Skólastefnu Mosfellsbæjar um þróun heildstæðs skóladags fyrir börn og þjónustu við barnafjölskyldur. Í tengslum við nýja samninga við íþróttafélög breyttist rekstrarform á þessu samstarfi og kostnaður færist nú yfir á frístundasvið.

Þá er gert er ráð fyrir í þessari áætlun að auknar greiðslur með frístundaávísun vegna systkina taki gildi haustið 2016.

Reynsla er að komast á rekstur tjaldsvæða og verður umsjón með rekstrinum á tómstundasviði (Bólið/Vinnuskóli). Jafnframt verður fært inn á þessa deild rekstur göngustíga, sem skátar hafa tekið að sér undanfarin ár.

Fjárhagsáætlun frístundasviðs 2016 styður við áform og stefnu bæjarins um eflingu íþrótt- og tómstundastarfs leggur áherslu á lýðheilsu íbúa og lífsgæði.



UMHVERFISSVIÐ

Á Umhverfissviði fer fram fjölbreytt starfsemi á vegum sveitarfélagsins. Þar má helst nefna umsjón með skipulags- og byggingarmálum, veitum, gatna- og umferðarmálum, úrgangsmálum, almenningsamgöngum, umhverfismálum og garðyrkju. Á umhverfissvið fer einnig fram eftirlit með dýrahaldi, náttúruvernd og landbúnaði. Síðast en ekki síst heyrir má telja upp Eignasjóð, en honum tilheyra allar nýframkvæmdir fasteigna, gatna og veitna sem og viðhald á fasteignum Mosfellsbæjar. Umsjón og eftirlit með Staðardagskrá 21, sem gengur þvert á öll fagsvið Mosfellsbæjar, er í höndum umhverfissviðs. Á umhverfissviði starfa nú 18 fastráðnir starfsmenn, þar af tveir í hlutastarfi. Miklar breytingar eru fyrirsjáanlegar í starfmannahaldi á árinu þar sem þrír starfsmenn láta af störfum vegna aldurs.

Helstu framkvæmdir á liðnu ári eru uppbygging á skólaútibúi frá Lágafellsskóla við Æðarhöfða. Á árinu 2015 voru einnig umtalsverðar gatnaframkvæmdir, þar ber fyrst að telja 2. áfanga Tunguvegar þar sem farið var í nýtt hringtorg á mótum Skeiðholts og Þverholts. Tunguvegur milli Kvíslartungu og Vogatungu var byggður og hafist handa við umfangsmikla gatnagerð í Vogatungu. Þessar framkvæmd bæta samgöngur í hjarta bæjarins og auka umferðaröryggi ásamt því að stuðla að frekari uppbyggingu í Leirvogstunguhverfi. Þá var lokið við þriðja áfanga hjólréiðastígs meðfram Háholti og niður að Brúarlandi. Ljóst er að vegna mikilla framkvæmda við uppbyggingu íbúðarhúsa í nýbyggingarhverfunum tveimur, Leirvogstunguhverfi og Helgafellshverfi, mun aukast þörf á frágangi gatna, göngustíga og opinna svæða í þeim hverfum og er það verkefni næstu missera.

Mikil og skörp aukning hefur orðið í umsýslu við byggingarleyfisumsóknir á árinu. Tækifæri til hagræðingar og hærra þjónustustigs liggja helst í innleiðingu á rafrænni þjónustu. Nýtt ábendingakerfi sem byggist á Kortasjá sveitarfélagsins hefur nú verið tekin í notkun. Þar geta íbúar smellt á kortasjána, fengið upp skráningarglugga og staðsett nákvæmlega holur í malbiki, óslegið gras eða annað sem þeir vilja koma á framfæri við sveitarfélagið og betur má fara. Þá er verið að útbúa aðgang fyrir Mosfellinga að Orkunni minni þar sem bæði raforkunotkun og heitavatnsnotkun íbúa er kortlögð í samanburði við aðra notendur höfuðborgarsvæðisins. Allt er þetta gert til þess að gert til að veita íbúum betri þjónustu og yfirsýn yfir orkunotkun sína og stuðla að sparnaði og að grænum skrefum samkvæmt stefnu Mosfellsbæjar í Staðardagskrá 21. Gert er ráð fyrir hækkun á gjaldskrár í samræmi við áætlaða verðlagsþróun eða 4,5%. Við gerð fjárhagsáætlunar var aðhald og hagsýni haft að leiðarljósi og reynt að deila kostnaði á skynsamlegan hátt. Stefnt er að því að viðhalda því þjónustustigi sem verið hefur á síðastliðnum árum við hirðingu opinna svæða, viðhaldi gatna, sorphirðu og í snjómokstri.



ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, MANNAUÐSDEILD OG FJÁRMÁLADEILD.

Úr framtíðarsýn Mosfellsbæjar

Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar eru skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi. Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.

Mikilvægasta verkefni stoðdeilda á bæjarskrifstofu er að sjá til þess að framtíðarsýn Mosfellsbæjar úr stefnumótunavinnu frá árinu 2008 sé höfð að leiðarljósi í framkvæmd og þróun á þjónustu bæjarins. Deildarstjórar stoðdeilda vinna náið saman við að styrkja og hvetja starfsmenn til að tileinka sér gildi Mosfellsbæjar í hvívetna.

Miðlæg verkefni á bæjarskrifstofu eru margþætt og snúa annars vegar að innri þjónustu þ.e. þjónustu við önnur svið, deildir og starfsmenn Mosfellsbæjar og hinsvegar að ytri þjónustu en það er þjónusta við íbúa og viðskiptavinum bæjarins. Stoðdeildirnar eru þrjár. Þær eru Þjónustu- og samskiptadeild, Mannauðsdeild og Fjármáladeild. Sameiginlega sjá þessar deildir um að annast, hafa eftirlit með og aðstoða við þjónustu og stjórnsýslu bæjarfélagsins. Ásamt því að annast verkefni fyrir yfirstjórn bæjarfélagsins, bæjarstjóra, bæjarstjórn, nefndir og ráð.

Skipulagsbreytingar sem farið var í á árinu 2014 hafa styrkt stjórnun stoðdeildanna. Á liðnu ári var ráðið í stöðu lögmanns og hefur sú ráðstöfun komið vel út sé litið til kostnaðar við aðkeypta vinnu lögfræðinga auk þess sem framkvæmdastjórar og forstöðumenn hafa tekið því fagnandi að geta leitað til hans eftir liðsinni og ráðgjöf. Einnig var á árinu ráðið í stöðu verkefnastjóra skjalavörslu og rafrænnar þjónustu og endurspeglar sú ráðning bæði áherslur í innleiðingu á tækninýjungum og einnig að þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfseminni gera það að verkum að ungt og efnilegt fólk telur að það sé eftirsóknarvert að starfa hjá Mosfellsbæ.

Áfram verður haldið á árinu 2015 að leggja grunn að gæðakerfi Mosfellsbæjar með því að skrá verklagsreglur og ferla. Verið er að ljúka við gæðakerfi byggingafulltrúa og undirbúningur við að innleiða fleiri deildir kominn vel á veg.

Einnig má nefna að tæknin gerir okkur kleift að þróa áfram rafræna þjónustu. Bæði er um að ræða hagræðingu í innri þjónustu og einnig aukinn sveigjanleika út á við með því að gera gögn aðgengileg á rafrænan hátt. Hér má til dæmis nefna að teikningar fasteigna eru nú aðgengilegar á heimasíðu bæjarins. Það sparar mikla umsýslu þjónustufulltrúa og veitir einnig fasteignasölum og húseigendum aðgengi að gögnum allan sólarhringinn. Fleiri slíkar breytingar eru í undirbúningi eins og móttaka teikninga á rafrænu formi og samskipti við skjólstæðinga fjölskyldusviðs í gegnum Íbúagátt.

Í fjárhagsáætlun ársins 2016 hafa almennir rekstrarliðir viðmið sín úr gildandi þjónustusamningum, mati á raunnotkun og verðlagsbreytingum. Stöðugt er leitað leiða til hagræðingar og má meðal annars nefna tvennt. Annars vegar er verið að vinna að því að auka hagræðingu í innkaupum bæjarins. Þar eru undir rekstrarliðir eins og hreinlætisvörur, prentkostnaður og fleira. Leitast er við að samræma vinnubrögð, búa til verkferla og sýna



fram á að með samvinnu milli deilda og sviða, öguðum og æfðum vinnubrögðum er hægt að hagræða enn frekar.

**Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldusviðs,
Björn Þráinn Þórðarson, framkvæmdastjóri Fræðslu- og frístundasviðs,
Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri Umhverfissviðs,
Aldís Stefánsdóttir, forstöðumaður Þjónustu- og samskiptadeildar,
Pétur J. Lockton, fjármálastjóri,
Sigríður Indriðadóttir, mannauðsstjóri.**



NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR

02 FJÖLSKYLDUSVIÐ

02-01 Fjölskyldunefnd

Áformað er að nefndin haldi 12 fundi á árinu, að jafnaði einn í mánuði. Gert er ráð fyrir að tveir nefndarmenn taki þátt í landsfundi jafnréttisnefnda.

02-02 Skrifstofa fjölskyldusviðs

Áætlunin gerir ráð fyrir samtals 7,3 stöðugildum, húsnæðisfulltrúa í 80% starfi, þremur og hálfri stöðu félagsráðgjafa, ásamt framkvæmdastjóra sviðsins. Annar launakostnaður starfsmanna á skrifstofu eru tveir þroskajálfar og einn verkefnaráðinn starfsmaður og er sá kostnaður færður á deild 02-50 málefni fatlaðs fólks. Millifærð kostnaðarhlutdeild er hlutdeild í launakostnaði vegna þjónustu við fatlað fólk sem færð er til gjalda á þann lið (02-50). Áætlaður kostnaður vegna fyrrgreindra bakvakta nemur 3,5 m.kr.

02-11 Fjárhagsaðstoð

Styrkþegum á mánuði (júlí-október) milli áranna 2014 og 2015 hefur fækkað á bilinu 20- 40% og útgjöldum að sama skapi (26-37%). Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 eru vonir bundnar við að sú þróun haldi áfram. Samvinna við starfsfólk Vinnumálastofnunar hefur verið með ágætum og framundan er m.a. sjálfsstyrkingar- og starfsleitarnámskeið fyrir styrkþega sem haldið verður í Mosfellsbæ.

02-16 Dvalargjöld

Dvalargjöld eru útgjöld vegna vistunar- og dvalargjalda barna sem eru í fóstri, dvelja á meðferðarheimilum eða njóta niðurgreiðslna vegna leikskóladvalar samkvæmt ákvörðun fjölskyldunefndar, sbr. ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002. Kostnaður vegna starfsmanna við eftirlit með vistun barns er bókfærður á þennan lið. Ætlaður vistunarkostnaður er metinn í samræmi við stöðu mála við gerð áætlunar.

02-18 Húsaleigubætur

Húsaleigubætur taka mið af útgjöldum bóta það sem af er árinu 2015. Reiknað er með óbreyttu hlutfalli vegna endurgreiðslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá því sem verið hefur, þ.e. 60,0% vegna sérstakra bóta og 66% vegna almennra bóta. Það er samræmi við ákvæði reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 150/2013.

02-31 Barnaverndarmál

Barnaverndarmál fela í sér útgjöld vegna meðferðar mála einstakra barna, þ.e. úrræða sem gripið er til í samræmi við barnaverndarlög. Ætluð útgjöld taka mið af stöðu málaflokksins við gerð áætlunarinnar. Áhersla er lögð á að styðja eins lengi og unnt er við fjölskyldur þannig að



börn geti dvalið heima sem lengst. Það er mat starfsmanna að fyrirkomulag þetta hafi komið í veg fyrir ráðstöfun barna í fóstur, sem er ætíð neyðarráðstöfun. Lögfræðikostnaður vegna skipunar talsmanns fyrir barn er samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga.

02-41 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja

Framlög þessi eru niðurgreiðslur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja hjá Strætó BS í samræmi við áætlun fyrirtækisins.

02-42 Þjónustuhópur aldraðra

Með tilkomu Öldungaráðs er lögð til breyting á fyrirkomulagi þjónustuhópsins, þannig að fulltrúi Kjósarhrepps, læknir og hjúkrunarfræðingur, sem lögin gera ráð fyrir, verði kallaðir á fundi ráðsins eftir þörfum.

02-43 Hjúkrunarheimili

Rekstrargjöld eru áætluð í samræmi við ákvæði reglugerðar um dagpeninga til reksturs heimilisins sem er áætlaður 309 m.kr. á árinu 2016. Samningur Mosfellsbæjar við Eir kveður á um að daggjöld og rekstrarkostnaður standi á jöfnu.

02-45 Þjónustumiðstöð aldraðra

Tekjur vegna húsaleigu og hússjóðs koma til af tveimur íbúðum sem Mosfellsbær er enn með leigusamning um við Eir - hjúkrunarheimili. Í íbúðunum búa einstaklingar sem fluttu í húsið fyrir 1. janúar 2007 þegar Mosfellsbær seldi Eir húsið. Einnig eru áætlaðar tekjur vegna leigu á snyrtistofum. Millifærð kostnaðarhlutdeild er vegna þjónustu starfsmanna þjónustumiðstöðvar við félagsstarf eldri borgara. Tekjur vegna heimilishjálpar eru endurgreiðslur þeirra sem fá félagslega heimaþjónustu og greiða fyrir hana samkvæmt gjaldskrá.

Áætluð útgjöld vegna þjónustunnar taka mið af samþykktri félagslegri heimaþjónustu og þjónustu við einstaklinga í dagdvöl. Á árinu 2015 var tekið í notkun nýtt matskerfi við mat á þörf fyrir heimaþjónustu, svonefnt RAI-Home Care. Um er að ræða samvinnu við velferðaráðuneytið og Landlæknisembættið um þróun og notkun kerfisins. Með þessu móti er ætlunin að gera mat á þörf fyrir félagslega heimaþjónustu markvissara.

Rekstrargjöld dagdvalar eru áætluð í samræmi við ákvæði reglugerðar þar að lútandi. Samningur Mosfellsbæjar við Eir kveður á um að daggjöld og rekstrarkostnaður standi á jöfnu.

02-48 Félagsstarf aldraðra

Ætlunin tekur mið af rekstri vegna starfseminnar árið 2015. Á árinu var fallið frá gjalddöku vegna þátttöku í leikfimi, tekjur á ári vegna þess voru óverulegar, en þátttaka hefur aukist til muna. Með þessu er undirstrikað mikilvægi heilsueflingar eldra fólks í anda stefnu Mosfellsbæjar sem heilsueflandi samfélags.

02-50 Málefni fatlaðs fólks – yfirstjórn

Tekjur vegna þess hluta málaflokks fatlaðs fólks, sem var færður til sveitarfélagsins í ársbyrjun 2011, eru áætlaðar tæpar 869 m.kr. á árinu. Við þá áætlun hefur verið haft samráð við



Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Torvelt er þó að áætla tekjurnar af nákvæmni vegna þess að þær eru háðar útsvarstekjum, að hluta til í bæjarfélaginu og að hluta til á landinu öllu. Ekki verður ljóst fyrir en síðar í nóvember hver framlög verða til hvers þjónustusvæðis fyrir sig.

Framlag til Skálatúns er í samræmi við samning Mosfellsbæjar við heimilið frá 11.5 2012; heildargreiðsla yfir árið er áætluð liðlega 452 m.kr.

Samningur er í gildi við Ásgarð – handverkstæði um greiðslu fyrir 11 stöðugildi. Greiðsla á árinu 2016 mun nema um 36 m.kr. Samningurinn tekur breytingum í samræmi við vísitölu launa. Áætlaðar tekjur bæjarins vegna þjónustu við fatlaða starfsmenn í Ásgarði með lögheimili utan Mosfellsbæjar nema á móti um 19,6 m.kr.

Samningar við Skálatún og Ásgarð runnu út í árslok 2014 en gert er ráð fyrir að þeir verði endurnýjaðir á svipuðum nótum.

Áætlaðar eru um 50 m.kr. til þjónustusamninga annarra vegna einstaklinga. Samningarnir giltu fram í september 2015 og vænst er endurnýjunar.

02-51 Málefni fatlaðra

Áætluð útgjöld eru vegna þjónustu við fatlað fólk sem sveitarfélög höfðu þegar með höndum fyrir tilfærsluna frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011. Er þar einkum um að ræða almenna liðveislu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og ferðaþjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks. Áætlunin tekur mið af útgjöldum ársins 2015 og þjónustu sem samþykkt hefur verið að veita og er gert ráð fyrir að útgjöld lækki töluvert milli ára.

Gert er ráð fyrir ellefu NPA-samningum. Reiknað hlutfall liðveislu í þeim samningum er færður á liðinn *Aðkeypt önnur vinna*.

Akstur samkvæmt samningi sveitarfélaga innan vébanda SSH um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks hófst 1. janúar 2015. Samningurinn nær einnig til aksturs fatlaðra grunnskólabarna sem hófst um mitt árið. Sem fyrr getur hefur þessi tilhögun reynst kostnaðarsamari en vænst var, en unnið er að hagræðingu og breytingum á henni. Hins vegar hefur þjónustustig hækkað.

02 52 – Frekari liðveisla (og NPA)

Útgjöld á þessum lið eru nær eingöngu til ellefu samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem gert er ráð fyrir að verði endurnýjaðir 1. janúar 2016. Hækkun milli ára frá áætlun 2015 liggur í því að 1) óhjákvæmilegt þykir að hækka tímagjald sem hafði verið óbreytt frá 2012 og 2) einn samningur hefur verið hækkaður all nokkuð vegna minnkandi færni hlutaðeigandi.

Meginhluti útgjalda vegna þessa er bókfærður á liðinn frekari liðveisla, en nokkur hluti sem félagsleg heimaþjónusta (02 45) og almenn liðveisla (02 51). Þetta er gert til að halda aðskildum kostnaði sem sveitarfélagið bar fyrir tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga og þeim sem kom til eftir hana. Það skiptir máli fyrir það faglega og fjárhagslega uppgjör vegna tilfærslunnar sem fram fer um þessar mundir.

Á móti útgjöldum til NPA hefur framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga numið 20% af samanlögðum samningsupphæðum og er gert ráð fyrir því í áætlun.



02 53 – Stuðningsfjölskyldur

Áætlun fyrir 2016 tekur mið af útgjöldum vegna þjónustunnar árið 2015 og ætlaðri fjölgun stuðningssólarhringa. Þessu úrræði er gjarnan teflt fram vegna þess að það er tiltölulega ódýrt en mjög skilvirkt. Það kemur einnig að nokkru leyti í stað dýrrar aðkeyptrar skammtímavistunar. Gert er ráð fyrir að vegna þeirrar þjónustu muni lækka milli ára (sjá 02 57 hér á eftir).

02 54 – Hulduhlíð, búsetukjarni

Áætlunin tekur mið af óbreyttri starfsemi. Útgjöld hækka lítillega milli ára vegna samningsbundinna launabreytinga.

02 55 – Klapparhlíð, búsetukjarni

Fækkun hefur orðið í íbúahópnum vegna flutninga milli búsetuúrræða. Með því sparast töluvert í mannahaldi, meðal annars við það að næturvaktir verða óþarfar.

02 56 – Þverholt, búsetukjarni

Áætlunin tekur mið af óbreyttri starfsemi. Gert er ráð fyrir að hagræðing í vaktaskipulagi dragi nokkuð úr launakostnaði

02-57 – Skammtímavistun

Mosfellsbær kaupir þjónustu vegna skammtímavistunar frá Hafnarfirði og Garðabæ. Áætluð þörf er nokkru minni en 2015 því tveir „stórnotendur“ eru nú komnir í önnur úrræði. Alls lækka útgjöld því töluvert á milli ára.

02 58 – Dagþjónusta

Dagþjónustan er að öllu leyti aðkeypt (Örvi – starfsþjálfun í Kópavogi, Ás – vinnustofa og Bjarkarás – hæfingarstöð í Reykjavík, Vinnustofur Skálatúns og Vinnustofa Hleinar á Reykjalundi). Útgjöld taka mið af raunkostnaði ársins 2015 og nokkuð meiri þjónustu en á árinu 2015.

02-62 Fræðslu- og forvarnarstarf

Áætlunin gerir ráð fyrir að verkefni á sviðið fræðslu- og forvarnarstarfs í málum barna séu með sama hætti og undanfarin ár.

02-65 Jafnréttismál

Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku jafnréttisfulltrúa á árlegum fundi jafnréttisnefnda, auk útgjalda við jafnréttisdag Mosfellsbæjar, veitingu jafnréttisviðurkenningar, fræðslu til starfsmanna, samþættingar kynjasjónarmiða í stefnumótun og þarfagreiningar í frístundastarfi.

02-74 Orlofssjóður húsmæðra

Áætlun er í samræmi við ákvæð laga nr. 53/1972 um orlof húsmæðra.

02-75 Framlag til varasjóðs viðbótarlána

Um er að ræða lögbundið framlag sveitarfélagsins.



02-81 Ýmsir styrkir

Árlegur styrkur til félagsmála er óbreyttur frá yfirstandandi ári, kr. 300 þús., og styrkur til FAMOS er í samræmi við samning bæjarfélagsins við félagið. Þá er gert ráð fyrir greiðslum Mosfellsbæjar til Fjölsmiðjunnar í samræmi við samning þar að lútandi.

02-61 Félagslegar leiguíbúðir

Eins og fram kemur í inngangi tekur áætlun vegna félagslegra íbúða mið af rekstri ársins 2014. Hækkun útgjalda vegna viðhalds tekur mið af úttekt og brýnum verkefnum til að sporna gegn frekari skemmdum á húsnæði en orðið hefur.



04 – FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Stofnanir og verkefni á fræðsluviði eru færðar á 24 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2016. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk, en í heild er mikið samstarf milli stofnana á sviðinu, en einnig milli stofnana á öðrum sviðum Mosfellsbæjar.

Stofnanirnar eru: Skólaskrifstofa, Hulduberg, Hlaðhamrar, Hlíð, Reykjakot, Leirvogstunguskóli, Varmárskóli, Krikaskóli, Lágafellsskóli og Höfðaberg, Frístundasel Lágafellsskóla, Frístundasel Varmárskóla, Listaskóli Mosfellsbæjar og Skólahljómsveit.

Auk þess er fært á sérstakar bókhaldsdeildir niðurgreiðslur og styrkir, greiðslur vegna nemenda í öðrum skólum, skólaakstur og greiðslur fyrir Umferðarskólann unga vegfarendur og innri húsaleiga vegna Borgarholtsskóla og Framhaldsskólann í Mosfellsbæ.

04-01 Fræðslunefnd

Nefndarfundir eru áætlaðir 13 á árinu, en það er sambærilegt og síðastliðin ár.

04-02 Skrifstofa Fræðslu- og menningarsviðs

Fjárhagsáætlun 2016 gerir ráð fyrir að þjónusta haldist óbreytt frá síðasta ári. Skólaskrifstofa hefur með hendi sérfræðiþjónustu, auk þess sem Skólaskrifstofa hefur með höndum sérstök verkefni vegna ADHD - barna. Kostnaður vegna sérfræðiþjónustu er millifærður yfir á stofnanir í samræmi við nemendafjölda í hverri stofnun sem nýtur þjónustu Skólaskrifstofu. Þá hefur Velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gert samning um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam. Gera verður ráð fyrir að kostnaður vegna þessa samkomulags auki útgjöld vegna talmeinaþjónustu almennt. Nú sem fyrr hefur Skólaskrifstofa leitað styrkja til margvíslegra verkefna, sem bæði er stýrt frá skrifstofunni og einnig leidd af leik- og grunnskólum. Þá eru fjármunir settir á skrifstofuna til að standa undir ýmsu samstarfi sem væntingar eru um að sé stýrt miðlægt, auk verkefna sem tengjast dagforeldrum og styrkjum til þeirra.

04-11; 04-12; 04-13; 04-14; 04-15; 04-16; 04-18; 04-20; 04-23 Leikskólar Mosfellsbæjar

Í þessari fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að leikskólar, leikskóladeildir ásamt Krikaskóla þjóni öllum börnum í fjögur ár frá hausti þegar börn verða 2ja ára og til 5 ára að hausti, þegar leikskólabörn innritast í grunnskóla. Eins og greint er frá í inngangi leiðir veruleg fækkun leikskólabarna til minni útgjalda til þessa málaflokks og dreifist það nokkuð jafnt á stofnanir, en þó er fækkun mest á skólasvæði því sem Hulduberg hefur þjónað. Aukinn kostnaður vegna Höfðabergs stafar að fjölgun grunnskólanemenda á ársgrundvelli, en leikskólaeiningin er nær óbreytt milli ára.

Ekki er gert ráð fyrir hækkun leikskólagjalda né fæðisgjalds í leikskólunum fyrir árið 2016.

04-17 Gæsluvöllur

Lagt er til að gæsluvallarþjónustan við Njarðarholt að sumri verði aflögð, en sumarþjónusta leikskóla verði efld, með sérstakri fjárveitingu til Reykjakots. Stefnt er að því að sú sumarlausn verði til frambúðar, alla vega næstu árin. Hins vegar er gert ráð fyrir að húsnæðið við Njarðarholt verði áfram leigt tveimur dagmæðrum.



04-19 // 02-19 Niðurgreiðd leikskólagjöld

Félagsleg niðurgreiðsla leikskólagjalda, 02-19, verður áfram með þeim hætti að gert er ráð fyrir að tekjutengja slíka afslætti, en niðurgreiðslur vegna barna í vistun hjá dagforeldrum eru einnig tekjutengdar. Tekjuviðmið hækka í samræmi við neysluvísitölu einu sinni á ári. Það er sama aðferðarfræði og er við lýði í nágrannasveitarfélögum sem hafa tekjutengt afslætti. Gert er ráð fyrir að fjármunir til niðurgreiðslu leikskólagjalda hjá einkareknum leikskólum verði 12 milljónir, en reglum um þær niðurgreiðslur var breytt á síðasta fjárhagsári. Breytingin felst í því að niðurgreiðsla tekur mið af viðmiðunarreglum Sambandsins um raunkostnað við rekstur leikskóla. Þessi breyting sem gerð var á gjaldskrá á við um 2ja ára og eldri, en næsta skref gæti verið að greiðslur til foreldra barna sem yngri eru en 2ja ára og eru á einkareknum leikskólum væru gerðar sambærilegar greiðslubyrði foreldra með börn hjá dagmæðrum. Stærsti útgjaldaliður hér er enn niðurgreiðslur til dagmæðra, einnig greiðslur vegna systkinaafsláttar í frístundaseljum grunnskólanna, sem og greiðslur til annarra sveitarfélaga vegna leikskólabarna sem njóta leikskólapjónustu í öðrum sveitarfélögum.

04-21; 04-25; 04-30; 04-31 Grunnskólar

Grunnskólanemendum fjölga milli ára og er fjölgunin einkum hjá Varmárskóla eins og áður segir, en elstu árgangur úr Krikaskóla flytjast í Varmárskóla og gert ráð fyrir að jafnvægi vegna þessarar viðbótar verði komið á árið 2017. Fjöldi grunnskólabarna í Krikaskóla hefur náð jafnvægi, en leikskólanemendum fækkar. Nemendum í Lágafellsskóla fækkar, en fjölga í Höfðabergi. Vert er að geta þess eins og áður segir að enn eru að aukast sérkennsluverkefni við grunnskólana.

Nemendafjöldi í frístundaseljum hefur farið vaxandi síðastliðið ár og því er óumflýanlegt að auka útgjöld vegna þessarar þjónustu.

Gjaldskrár frístundaselja og mótuneyta hækka í takt við verðlagsbreytingar um 4,5%.

Fjárhagsáætlun grunnskóla Mosfellsbæjar stendur undir áherslu skólanna á metnaðarfullt og öflugt skólastarf, enda byggir gott skólastarf einkum og sér í lagi á fagkunnáttu, þekkingu, hugmyndaauðgi og uppeldisreynslu starfsfólks. Innleiðing nýs kjarasamnings verður haldið áfram á næsta fjárhagsári og stefnt að því að finna leiðir sem geta aukið á möguleika skólastjórnenda til að efla sveigjanleika í skólastarfi og skipulagi kennslu.

04-27 Nemendur í öðrum skólum / jöfnunarframlag vegna fatlaðra nemenda.

